



FUNDARGERÐ STJÓRNAR GOLFKLÚBBS SELFÓSS

Fundardagur: 8.10.2019
Tími: 19:30-22:30
Fundarstaður: Golfskálinn Svarfhólsvelli
Viðstödd: Ástfríður M. Sigurðardóttir formaður
Helena Guðmundsdóttir gjaldkeri
Bjarki Már Magnússon
Halldór Morthens
Páll Sveinsson
Vignir Egill Vigfússon
Fjarverandi: Svanur Bjarnason

Málefni sem voru rædd:

- **Aðalfundur GOS 2019 dagsetning**

Hlynur leggur til fimmtudaginn 12. desember kl. 18:00. **Samþykkt.**

Stefnt er að 14. desember verði opnunarhátíð inniaðstöðu GOS. **Samþykkt.**

- **Nefndir og stjórn 2020,**

Rætt hvaða stjórnarmeðlimir hyggjast bjóða sig fram aftur og hverjir gefa ekki kost á sér til frekari stjórnarsetu.

Svanur og Páll voru kjörnir í fyrra til tveggja ára. Ásta kjörin í fyrra til eins árs.

Bjarki leggur til lagabreytingu á aðalfundi GOS. Búið verði til embætti varaformanns á kostnað meðstjórnanda. **Samþykkt**

Allir stjórnarmenn gefa kost á sér áfram.

Lögð áhersla á að virkja félagsmenn í nefndum, sjálfboðaliðastarf og þá sérstaklega í tengslum við mót GOS.

- **Fjármál GOS**

Rætt um stöðu á inniaðstöðu og áhaldahúsi.

Rætt um fjármögnun.

- **Samningur um jarðvegslosun.**

Var ekki tilbúinn fyrir fundinn.

Rætt um punkta fyrir fund með Atla hjá Árborg.

- **Samningur vegna lóðaleigu á golfvælinum**

Mikil töf. Ekki klárt ennþá. Hlynur mun ítreka þetta við starfsmenn bæjarins.

- **Húsbygging staðan**

Vonast er til að unnt verði að taka hana í notkun í desember. Afhendingu seinkaði.



Mikil von bundin við það að félagsmenn sjái sér fært að hjálpa til við tilfallandi verkefni þegar húsið verður reist og frágang eftir að það er komið upp.

- **Húsbygging fjármögnun og fjárfestingar**

Samningur liggur fyrir hjá Landsbankanum um fjármögnun.

- **Húsbygging heitt vatn...**

Heitt vatn fæst ekki fyrr en fyrsta lagi næsta sumar. Rætt um kaup á varmadælu eða leita annarra leiða s.s. loftræstistokks sem gefur færi á lofthitun.

- **Framkvæmdir á golfvelli staða.**

Málin rædd.

- **Framkvæmdir á golfvelli, framkvæmdir á nýju svæði.**

Gengur vel. Sád aftur í teiga 30. september. Heppnaðist mjög vel.

Vonast er til að hægt verði að byrja að spila á þremur nýjum holum í ágúst 2020.

Ekki hægt að byrja á nýjum holum strax vegna hættu á sandfoki. Beðið með það þangað til seinni part næsta sumars.

- **Framkvæmdir á nýrri brú.** Nú stendur fyrir dyrum að fara í fýsileikakönnun varðandi að byggja nýja Ölfusárbrú sem svokallað PPP verkefni. Verði niðurstaða jákvæð er stefnt að því að framkvæmdir geti hafist á árinu 2021. Stefnt er að því að hefja verkhönnun nú í haust. Framkvæmdir við brúna munu hefjast 2022.

- **Samþykktir félags (Golfklúbbs Selfoss)**

Talað um að það vantar samþykktir félagsins.

Bjarki Már mun útbúa samþykktir fyrir Golfklúbb Selfoss og leggja fyrir aðalfund til samþykktar.

- **Fundargerðir settar á gosgolf.is**

Frá og með þessum stjórnarfundum verða allar fundargerðir settar inn

<https://gosgolf.is/fundargerdir-stjornar/>

- **Önnur mál**

Rætt um samstarfssamning við GOSÍ.

Rætt um framkvæmdagjald. Verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundum. Tillaga um 5.000 kr. valfrjálsa greiðslu auk frjálsra framlaga ef vilji er til að greiða meira.

Rætt um lög Golfklúbbs Selfoss. Bjarka falið að koma með hugmyndir að lagabreytingum.

Rætt um hvað fór fram á fundi GSÍ 08.10.19.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Fundargerð skrifaði Bjarki Már Magnússon.